

8. febrúar 1988

213

Nr. 71

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Vestmannaeyjar og Hrollaugseyjar.

1. gr.

Skipum, sem stunda fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu, eru bannaðar veiðar við Vestmannaeyjar á eftirgreindum tíma og svæðum:

1. Á tímabilinu frá og með 11. febrúar til og með 31. ágúst 1988 austan Heimaeyjar innan þriggja sjómílna frá fjörumarki eyjarinnar. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Stóra Erni. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi suður frá Stórhöfða.
2. Á tímabilinu frá og með 1. sept. 1988 til og með 31. janúar 1989 innan þriggja sjómílna frá fjörumarki Heimeyjar.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1988 til og með 30. september 1988 eru allar togveiðar bannaðar á svæði við Hrollaugseyjar milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- a) 64°10'8 N, 15°42'6 V
- b) 64°06'0 N, 16°05'0 V

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómílnur frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975. (Lína dregin milli Stokksness, Hrollaugseyja, Tvískerja og Ingólfshöfða).

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. febrúar 1988.*

F.h.r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eypórsson.*

B 16